

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga, Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags
byggingafræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga þann 5. júní 2018 kl. 14.30.

Fulltrúar félaganna voru Elsa María Rögnvaldsdóttir og Tore Skjenstad. Fulltrúar sambandsins voru Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Bókun 1 um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag byggingafræðinga frá árinu 2014 var gerð bókun um að iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna verði lagt á sérstakan reikning þar til aðilar hafa komið sér saman um framtíðarráðstöfun þess.

Niðurstaða:

Samþykkt að launagreiðendur greiði áfram 0,1% iðgjald af heildarlaunum inn á sérstakan reikning. Aðilar koma sér saman um framtíðarráðstöfun þess við næstu kjarasamningagerð vorið 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00